

163  
26. ágúst

b. Að austanverðu við Strandgötu frá Reykjavíkurvegi að Lækjargötu eru bifreiðastöður takmarkaðar við 15 mínútur í einu á virkum dögum frá kl. 9.00—19.00 nema á laugardögum kl. 9.00—13.00.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 26. ágúst 1960.*

**Björn Sveinbjörnsson**  
settur.

164  
3. sept.

## AUGLÝSING

um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

Frá og með 5. september 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. september 1960.*

F. h. r.

E. u.

**Ragnar Bjarkan.**

165  
7. sept.

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Drangnesþorps.

1. gr.

Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á kaupstaðarlóð Drangnesþorps, svo og einnig til Drangneshafnar og frystihúss.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, svo sem viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, en fjárreiður og þar með innheimtustörf skulu vera í höndum oddvita, þó skal vatnsveitunefnd skyld á hverjum tíma, að aðstoða oddvita við þessi störf, sé farið fram á það.

Vatnsveitunefnd skal skipuð þremur aðalmönnum og þremur varamönnum. Hreppsnefnd tilnefni formann nefndarinnar.

3. gr.

Vatnsveitan láti leggja aðalvatnsæð um kauptúnið, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim, í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, þar sem það er hægt, eða sem næst lóðarmörkum.

Frá aðalæð skulu húseigendur sjálfir leggja vatnsæðar í hús sín, á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá er vill komast í samband við aðalæð vatnsveitunnar, skal sækja um það skriflega til vatnsveitunefndar.